



Fundargerð – 552. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 14. nóvember 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Steinþór Þórðarson, Önundur Jónasson og Páll Orri Pálsson (varamaður).

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra. Samantekt um endurvinnsluhlutföll.
2. Erindi frá Reykjanesbæ um aukna þjónustu
3. Gjaldskrá 2024
4. Endurskoðun lausra samninga
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra. Samantekt um endurvinnsluhlutföll.

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór yfir hamfarirnar í Grindavík, öryggis- og starfsmannamál, brennsla í október og það sem af er nóvember, horfur til áramóta og eftirlitsheimsókn frá umhverfisstofnun. Brugðist hefur verið við erindi umhverfisstofnunar sem kallað hefur eftir neyðaráætlun ef koma skyldi til rekstarstöðvunar vegna náttúruhamfara. Öllu efni hefur verið tryggður farvegur ef til þess kemur. Því næst fór framkvæmdastjórinn yfir samantekt um endurvinnsluhlutföll.

2. Erindi frá Reykjanesbæ um aukna þjónustu

Áætlað var að gestir frá Reykjanesbæ myndu koma á fund og kynna, en gestirnir komust ekki á fundinn en stjórn tók umræðu um erindið frá Reykjanesbæ um auka þjónustu. Framkvæmdastjórinn fór yfir erindið og hugmyndir framkvæmdastjóra að koma á mögulegu samráðsferli, þ.e. hvernig ferlið er frá hugmynd til nýrrar þjónustu. Að lokinni umræðu fól stjórn framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að funda með umhverfissviði Reykjanesbæjar, fara í gegnum erindið og forgangsraða.

3. Gjaldskrá 2024

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að breytingum á gjaldskrá 2024. Gjaldskrárhækkanir eru í samræmi við verðlagsþróun og að auki þar sem flokkum hefur verið fjölgað með það að markmiði að hvetja til aukinnar flokkunar. Stjórn var sammála að breyta því hvenær gjaldskráin yrði endurskoðun, í staðinn fyrir að endurskoða gjaldskrána 1x á ári þá yrði það gert 2x á ári.

4. Endurskoðun lausra samninga

Framkvæmdastjóri fór yfir endurskoðun lausra samninga. Framkvæmdastjórinn lagði til að tíminn þangað til samningarnir renna út verði nýttur hann nýttur til að leita nýrra úrræða. Í þeim tilfellum að framlenging núverandi samninga verði besta niðurstaðan leitum við eftir framlengingum. Um annað semjum við í stuttan tíma og undirbúum útboð.

5. Önnur mál.

Framkvæmdastjórinn fór yfir tillögu að heimsókn stjórnar til ÍG þann 7. desember nk.

Stjórn óskaði eftir að framkvæmdastjóri myndi kanna hvernig innheimtu og þjónustu er háttað vegna náttúruhamfara í Grindavík.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:00.
Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 7. desember 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Páll Orri Pálsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson